



## Mikilvægar upplýsingar til ferðamanna vegna COVID-19:

- Ferðamenn eru velkomnir til Íslands nú sem endranær og engar ferðatakmarkanir eru til Íslands.
- Mikilvægt er að allir hugi að heilsu sinni og gæti að hreinlæti og handþvotti.
- Sóttvarnalæknir mælir með að ferðamenn sleppi ónauðsynlegum ferðalögum til skilgreindra áhættusvæða með mikilli smithættu (Kína, Íran, Ítalía og Suður-Kórea), þar sem COVID-19 ogsamfélagssmit er talið útbreitt.
- Ferðamenn sem koma til landsins þurfa almennt ekki að fara í sóttkví. Talið er að þeir séu ólíklegri að vera í nánu samneyti við marga einstaklinga á meðan dvöl þeirra stendur. Smithætta frá þeim er því talin mun minni en frá Íslendingum og erlendum ríkisborgurum sem hafa fasta búsetu á Íslandi.
- Þau sem hafa verið að ferðast frá Ítalíu (frá 29.febrúar 2020), Íran, Kína eða Suður-Kóreu og finna fyrir flensueinkennum ættu að hafa samband og fá ráðleggingar hjá læknavaktinni í síma 1700 ( +354 544 4113 ef hringt er úr erlendu símanúmeri).
- Í þeim aðstæðum á fólk ekki að mæta óboðað á sjúklingamóttökur, heldur hringja fyrst og fá leiðbeiningar.

## Mikilvægt að ferðaþjónustuaðilar hafi í huga

- Ferðamenn eru velkomnir til Íslands nú sem endranær og engar ferðatakmarkanir eru til Íslands. Við erum áfram gestrisin og sýnum fólk tillitssemi sem kann að vera áhyggjufullt.
- Mikilvægt er að allir hugi að heilsu sinni, ferðaþjónustuaðilar og ferðamenn. Ráðleggingar sóttvarnarlæknis eru hér: <https://www.landlaeknir.is/um-embaettid/greinar/grein/item39191/Radleggingar-til-ferdamanna>
- Sóttvarnarlæknir hefur tilgreint afmörkuð svæði sem áhættusvæði. Það þýðir þó ekki að fólk megi ekki ferðast þaðan. Allir sem það gera verða þó að fylgja ráðleggingum um sóttkví ef þeir eru veikir eða sýna einkenni COVID- 19. Fyrst og síðast þurfa allir að gæta að almennu hreinlæti.
- Ferðamenn sem koma til landsins þurfa almennt ekki að fara í sóttkví. Talið er að þeir séu ólíklegri að vera í nánu samneyti við marga einstaklinga á meðan þeir dvelja á Íslandi. Smithætta frá þeim er því talin mun minni en frá Íslendingum og erlendum ríkisborgurum sem hafa fasta búsetu á Íslandi.
- Þeir sem hafa verið að ferðast frá Ítalíu (frá 29.febrúar 2020), Íran, Kína eða Suður-Kóreu og finna fyrir flensueinkennum ættu að hafa samband við læknavaktina í síma 1700 ( +354 544 4113 ef hringt er úr erlendu símanúmeri) og fá ráðleggingar. Í þeim aðstæðum á fólk ekki að mæta óboðað á sjúklingamóttökur, heldur hringja fyrst og fá leiðbeiningar.



## Spurt og svarað um COVID-19

### Hefur Kórónaveiran greinst á Íslandi

Svar: Já kórónaveiran hefur greinst hjá nokkrum Íslendingum sem höfðu verið á ferðalagi á Ítalíu og Austurríki.

### Eru ferðatakmarkanir til Íslands?

Nei, engar ferðatakmarkanir eru á ferðalögum til Íslands. Ísland varar við ferðalögum til Ítalíu, Íran, Kína og Suður Kóreu vegna smithættu.

### Ef ég (erlendur ferðamaður) ferðaðist frá Ítalíu og ætla að dvelja á Íslandi, þarf ég að fara í sóttkví?

Svar: Ferðamenn sem koma til landsins þurfa almennt ekki að fara í sóttkví. Talið er að þeir séu ólíklegri að vera í nánu samneyti við marga einstaklinga á meðan að dvölinni stendur. Smithætta hjá ferðamönnum er því talin mun minni en frá Íslendingum og erlendum ríkisborgurum sem hafa fasta búsetu á Íslandi.

Þeir sem hafa verið að ferðast frá Ítalíu (frá 29.febrúar 2020), Íran, Kína eða Suður-Kóreu og finna fyrir flensueinkennum ættu að hafa samband við læknavaktina í síma 1700 ( +354 544 4113 ef hringt er úr erlendu símanúmeri) og fá ráðleggingar. Í þeim aðstæðum á fólk ekki að mæta óboðað á sjúklingamóttökur, heldur hringja fyrst og fá leiðbeiningar.

### Er verið að fylgjast með veiku fólki á flugvöllum?

Nei, ekki sérstaklega, en ef fólk er veikt er mikilvægt að láta vita af því með því að hafa samband við læknavaktina í síma 1700 ( +354 544 4113 ef hringt er úr erlendu símanúmeri).

### Ég held að ég sé veik/veikur og hafi smitast af COVID-19.

Hafðu samband við læknavaktina í síma 1700 ( +354 544 4113 ef hringt er úr erlendu símanúmeri) og fáðu ráðleggingar. Ekki fara beint á sjúklingamóttöku, heldur hringdu fyrst og fáðu leiðbeiningar.

### Hvað gerist ef ég þarf a fara í sóttkví?

Sjúkratryggingar hafa gert samning við hótel í Reykjavík um að hýsa ferðamenn sem hafa ekki gott aðgengi að húsnæði og eru mögulega smitaðir. 70 herbergi eru til taks á hótelinu fyrir einangrun eða sóttkví. Rauði krossinn og heilbrigðisstarfsfólk mun sinna fólkini.

### Er mér óhætt að ferðast aftur heim til míns heimaríkis

Best er að hafa samband við sendiráðið þitt til að fá frekari upplýsingar um það, en engar takmarkanir eru á för ferðamanna til eða frá Íslandi.